

Sp.

121. Tillaga til þingsályktunar

um notkun kvikmynda í sambandi við baráttu lögreglunnar gegn óhóflegri áfengisnautn.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fá lögreglunni í Reykjavík og stærstu kaupstöðum landsins í hendur hentugar kvikmyndavélar, og ber lögreglunni að nota þær til að taka myndabætti um framkomu fólks á skemmtisamkomum, þar sem aðgangur er seldur, og á heimilum einstakra manna, þar sem lögreglan verður að skakka leikinn vegna ölvunar heimilismanna.

Greinargerð.

Á síðasta þingi hreyfði ég nokkrum nýmælum varðandi varnir almennings gegn áfengissýkinni, og var ein þeirra bending til lögreglunnar um að taka skyndikvikmyndir í opinberum danssölum, þar sem þátttakendur eru að öllum jafnaði ölvaðir á almannafæri. Tillaga þessi var ekki útrædd í fyrravetur, og er hún þess vegna flutt öðru sinni. Ölvun keyrir nú svo úr hófi hér á landi, að fullvist er talið, að alloft séu nokkur hundruð ungra manna, kvenna og karla, á ófræglegan og ósæmilegan hátt undir áhrifum áfengis á opinberum skemmtistöðum í höfuðstaðnum. Lögreglan stendur að kalla má varnarlaus gegn þessum ófarnaði og það því fremur, sem ekki er einu sinni vól á sæmilegu húsnæði, þar sem geyma má ölvaða menn. Hér er lagt til, að dómsmálaráðuneytið fái handbært fé til að kaupa hentugar kvikmyndavélar til að beita gegn ofdrykkju á almannafæri og í heima-húsum, þar sem lögreglan þarf að skakka leikinn. Ef lögreglan hefur hentugar upptökuvélar, getur hún tekið smámyndir af fólki í drykkjulátum og á eyðilögðum heimilum og sýnt hlutaðeigandi fólki, hvernig aðrir sjá það, þegar það er meira eða minna viti sinu fjær af ofdrykkju. Ef slíkar myndir vekja ekki sómatilfinningu hlutaðeigandi manna, duga engin ráð þeim til bjargar.